

Kæra foreldri/forráðamaður,

skólinn notar kannakerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 6-10 ára 10 spurninga um ánægju þeirra af lestri og 10 spurninga um vellíðan í skólanum. Dæmi um spurningu um ánægju af lestri er: „Hvað finnst þér um að lesa bók í frístundum“ og dæmi um spurningu um vellíðan er: „Mér finnst fólk vera vinsamlegt við mig“.



Nemendur svara spurningalistanum nafnlaust með hjálp talgervils á netinu í skólanum með því að merkja við myndir sem eru lýsandi fyrir viðkomandi svarmöguleika (sjá mynd). Allir nemendur svara könnuninni í apríl og tekur um 10 mínútur að svara henni. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Kannakerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða fyrirlögn spurningalistans. Ef þú er mótfallin(n) því að barn þitt svari spurningalistanum, hafðu þá samband við skrifstofu skólans eða skráðu nafn þitt hér fyrir neðan og skilaðu á skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is til að fá nánari lýsingu á spurningum könnunarinnar.

Ég vil ekki að barn mitt taki þátt í könnuninni Skólapúlsinn

Skóli: _____

Nafn barns: _____

Undirskrift foreldris/forráðmanns: _____